

18. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

18. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 16. september 2025 kl. 9:00 í fundarsal Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Drífa Hjartardóttir forseti Kirkjupings og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn

2. Yfirlit framkvæmdastjóra

- a. Rekstaryfirlit:
 - i. Undir liðnum kom Halldór Berg Sigfússon frá Sessor á fundinn.
 - ii. Framkvæmdastjóri kynnti rekstaryfirlit fyrir janúar til ágúst 2025.
- b. Fjárlagafrumvarp 2026:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti hækkun á gagngjaldi ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2026.
- c. Ástandsskýrsla fasteigna:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti ástandsskýrslu fasteigna eins og hún liggur fyrir núna en búið er að meta 15 fasteignir.
- d. Söluheimildir fasteigna:
 - i. Framkvæmdastjóri fór yfir söluheimildir fasteigna sem samþykktar voru í 12. máli 2022-2023.
 - ii. Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að frekari söluheimildum. Ákveðið var að leggja fram tillögu á kirkjupingi um sölu eigna á Patreksfirði, Djúpavogi og Hjarðarhaga í Reykjavík.
- e. Uppgjör við fyrrum ábúanda í Reykholti:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu máls vegna uppgjors við fyrrum ábúanda í Reykholti.
 - ii. Samþykkt var samhljóða að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga og ljúka málinu.

3. Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar

- a. Undir liðnum kom á fund stjórnar Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar.
- b. Gerði Berglind grein fyrir störfum nefndarinnar og svaraði spurningum stjórnarmanna þar um.
- c. Vék Berglind af fundi og héldu umræður um efnið áfram. Ákveðið var að stjórn leggi fram tillögu á kirkjupingi um skipun nefndar um endurskoðun starfsreglna og starfsemi úrskurðarnefndar og teymis.

4. Önnur mál

- a. RV upplýsti um samtal sem hann átti með fulltrúa úr nefnd um endurskoðun sóknargjalda og fóru fram umræður um fjárhæð og fyrirkomulag sóknargjalda.

Næsti fundur var ákveðinn 7. október 2025 kl. 9:00 í Tjarnargötu 4. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:42.